



**HAFNARFJÖRÐUR**

## Umsögn - 5. mars 2018

Efni: Einhella 2, umsögn vegna fyrirspurnar, 1803003

Þann 26.2.2018 leggur Erla Guðrún Grétarsdóttir ásamt Aðalbílum ehf inn fyrirspurn til skipulagsfulltrúa vegna lóðarinnar við Einhellu 2.

Óskað er eftir að stækka byggingarreit á lóð. Með erindinu fylgja tvær skissur er sýna sitt hvora útfærsluna af stækkuninni. Á annarri tillögunni er bundin byggingarlína færð fram um 2,5 m og byggingarreitur færður 2,5m til norðurs. Á hinni tillögunni er sýnd stækkun um 5m til norðurs.

Stækkun byggingarreitarins yrði 325m<sup>2</sup> við báðar breytingarnar.

Á lóðinni er nýtingarhlutfall samkvæmt skilmálum 0,5.

Þar sem umrædd lóð er á horni Einhellu og Dranghelli, og fyrirkomulag hennar með þeim hætti að bundin byggingarlína skerpir ekki heildar ásýnd götummyndar ásamt aðliggjandi lóðum, má vel færa hana fram um 2,5m og byggingarreit 2,5m aftur í lóð.

Hins vegar þarf að huga vel að athafnarsvæði lóðarinnar og fyrirkomulag byggingar m.t.t. þessa, hvor útfærslan sem verður fyrir valinu. Ekki er verður heimilað hærra nýtingarhlutfall á lóðinni en skilmálar kveða á um.

Verði óskað eftir að fara í deiliskipulagsbreytingar skal sækja um það sérstaklega og fellur allur kostnaður vegna breytinganna á umsækjanda. Gera skal grein fyrir hvernig skilmálum skipulagsins er uppfyllt, sér í lagi m.t.t. útfærslu lóðar, bílastæða og frágangi á lóð.

*Tekið er jákvætt í erindið að uppfylltu ofangreindu.*

---

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt